



LEIKSKÓLINN

ÁSGARÐUR



HÚNAÞING VESTRA

Ársskýrsla 2022 – 2023

Starfsáætlun 2023 - 2024

Leikskólinn Ásgarður

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Skólastarfið 2022-2023 | 5 |
| Frásögn deildarstjóra..... | 5 |
| Verkefni | 6 |
| Bókasafnskassinn | 6 |
| Tákn með tali..... | 6 |
| Heilsueflandi leikskóli | 6 |
| Skóli á grænni grein – Samantekt Grænfánastjóra..... | 7 |
| Skil leik- og grunnskóla | 7 |
| Farsæld barna..... | 7 |
| Sérkennsla | 8 |
| Mat og matsaðferðir | 8 |
| Innramatsteymi leikskólans | 8 |
| Mat forráðamanna..... | 9 |
| Mat starfsmanna..... | 9 |
| Mat barna..... | 9 |
| Mannauður | 9 |
| Börn | 9 |
| Starfsfólk | 10 |
| Mönnun..... | 10 |
| Menntun | 10 |
| Nemar | 10 |
| Endurmenntun | 10 |
| Námskeið | 10 |

| | |
|---------------------------------------|----|
| Skipulagsdagar | 11 |
| Fundir | 11 |
| Viðhald og hreingerning | 12 |
| Samstarf | 13 |
| Samningar..... | 13 |
| Öryggismál..... | 13 |
| Leiðarljós | 14 |
| Helstu verkefni og innra starf | 14 |
| Skólastarfið..... | 16 |
| Flæði..... | 16 |
| Hópastarf | 16 |
| Sérkennsla | 17 |
| Farsæld barna | 17 |
| Verkefni | 17 |
| Jákvæður agi | 17 |
| Heilsueflandi leikskóli | 17 |
| Skóli á grænni grein..... | 17 |
| Læsisstefna leik- og grunnskóla | 18 |
| Skil leik- og grunnskóla..... | 18 |
| Öryggismál | 18 |
| Önnur markmið | 18 |
| Mannauður..... | 19 |
| Mönnun..... | 19 |
| Menntun | 19 |
| Nemar | 19 |
| Endurmenntun | 19 |

| | |
|---|----|
| Mat og matsaðferðir | 20 |
| Foreldrakönnun..... | 20 |
| Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl..... | 20 |
| Samstarf | 20 |

Skólaárið 2022-2023

Skólastarfið 2022-2023

Skólarið hjá okkur í ár hefur gengið ágætlega fyrir sig hvað varðar starfsmannahald í leikskólanum. Leikskólinn hefur verið að mestu fullmannaður allt skólaárið. Það var nokkuð um breytingar á áherslum okkar í dagskipulaginu þar sem ákveðið var að taka upp hópastarf eftir hádegi, þar sem áður hafði verið unnið með flæði. Þannig að dögnum var þannig stillt upp að frjálsi leikur barnanna fór fram fyrir hádegi í flæðinu, en eftir hádegi var unnið með hópastarf þar sem skipulagðara starf fór fram.

Ekki náðist að ráða einstakling til að sinna Jóga kennslu í leikskólanum eins og áætlað var. Farið er tvisvar í viku í íþróttahús, vettvangsferðir farnar reglulega, vikulegar söngstundir, sundkennsla að vori fyrir elsta árgang og danskennsla í fjórar vikur á skólaárinu.

Frásögn deildarstjóra

Í haust voru gerðar miklar breytingar á daglegu starfi í leikskólanum. Deildunum var skipt meira upp sem varð til þess að börnin vörðu stundum eins og matartímum og hópastarfi, inni á sinni deild með sínum jafnöldrum. Með þessari breytingu vörðu kennarar og börn hvernar deildar meiri tíma með hvor öðru og náðu betri tengslum.

Í byrjun skólaárs var mikið um útiveru enda gott verður og börnin að tynast inn úr sumarleyfum. Flutningur barna á milli deilda fór fram og allir að verða spenntir fyrir Covid-lausu skólaári, því það þýddi að loksins yrði leikskólinn opinn fyrir viðburði eins og konu og karlamorgna, piparkökuskreitingu og fleira.

Unnið var með þemur í tengslum við hrekkjavöku, vinaviku, jólin, þorran og páskana á öllum deildum leikskólans. Á miðstigi tók Þórunn að sér markvissa málörvun á meða Þorsteinn sótti námskeið í „Lubbi finnur málbein“ og var því orðinn formlegur Lubbastjóri í samverustundum. Í samverustundum var meðal annars unnið með Lubba, Bínu og tákni með tali. Farið var í rím, við sungum, klöppuðum nöfn, æfðum framsetningu, lásurum bækur og lékum okkur. Ásamt því fór mikil vinna við að móta starfið eftir nýju dagskipulagi.

Á eldra stigi tók nýr skólahópur við og þurftu þau nú að sinna því ábyrgðarhlutverki að vera elstu börn leikskólans, það er að segja fyrirmyndir. Með fyrstu verkefnunum okkar á

eldrastigi var að taka upp kartöflur sem settar höfðu verið niður vorið áður. Samstarfið við grunnskólan hófst strax um haustið og við fórum í okkar fyrstu berjatýnslu með 1. bekk en þá fengum við að fara með rútu á Böðvarshóla. Eftir það fengum við kynningu á grunnskólanum og í kjölfarið byrjuðu skólaheimsóknir. Fljótlega eftir áramót byrjuðu síðan sundæfingar með Magnúsi íþróttakennara. Í haust fórum við í samstarf við gunnskólann þar sem settar voru upp reglular sjúkrahúsheimsóknir. Börn fædd 2017 og 2018 á eldra stigi tóku þátt og þótti páfagaukurinn standa hvað mest uppúr. Anna kom til okkar í vetur sem nemi og setti upp verkefni tengt sjónum. Verkefnið þróaðist, ásamt áhuga barnanna, og voru selir teknir fyrir. Úr varð heimsókn í bókasafnið, niður í Selasetur þar sem Hafþór tók vel á móti okkur og að lokum var farið í vettvangsferð að Hvítserki.

Verkefni

Bókasafnskassinn

Haustið 2022 fórum við af stað með bókasafnskassan okkar. Markmið hans var að vekja athygli á lestri fyrir börn, vekja athygli barna á lestri bóka heima fyrir og þannig ýta undir umræður hjá börnum og foreldrum um lestur bóka. Bóka kassinn fór á sinn stað í vetur og verður því verkefni viðhaldið áfram.

Tákn með tali

Starfsfólk leikskólans sótti 7 klst námskeið í tákni með tali. Námskeiðið var gagnlegt og varð það til þess að notkun tákna í starfi jókst hjá flestum. Í vetur var starfsmaður fenginn til að bera út boðskap TMT innan veggja leikskólans og var því sinnt af nokkrum áhuga.

Heilsueflandi leikskóli

Undirbúningsvinna varðandi Heilsueflandi leikskóla hófst skólaárið 2022 -2023. Kominn er verkefnastjóri innan leikskólans og var fyrsta markmiðið okkar í vor að klára að fara yfir viðmiðunarlista fyrir leikskólann. Búið er að setja saman teymi sem heldur utan um mál heilsueflandi leikskóla þeir sem tilheyra því teymi eru: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, verkefnisstjóri, matráður og fulltrúi foreldra.

Skóli á grænni grein – Samantekt Grænfánastjóra

Fyrir áramót var áherslan á að kynnast hlutverki vatnsins og afhverju við þurfum að passa uppá það, hvernig hringrás vatns er og hvaðan það kemur. Þetta gerðum við með því að skoða myndbönd og kennslufni og fara í vettvangsferð sem við unnum lítið verkefni uppúr. Við fórum í gönguferð þar sem við fylgdum á frá fjalli til fjöru og fylgdumst með hvort þar væri nokkuð rusl sem þá var týnt upp og notað svo í verkefni. Eftir áramót vorum við meira að vinna með átthaga og að kynnast okkar nánasta umhverfi. Við ræddum um næsta nágrenni leikskólans, hvort að börnin vissu hvar þau ættu heima eða hverjir ættu heima nálægt leikskólanum. Til þess að átta okkur betur á nánasta umhverfi bjuggum við í sameiningu til kort af bænum okkar og fórum svo í gönguferðir þar sem að við veltum fyrir okkur nánasta umhverfi. Smá aukaverkefni kom svo inná milli þar sem við skreyttum fötu sem nota á undir afgangi sem gefnir verða smáfuglum næsta vetur og ræddum við á meðan á því stóð afhverju væri mikilvægt að gefa þeim meðan kalt er.

Grænfánateymi leikskólans er: Leikskólastjóri, Aðstoðraleikskólastjóri, verkefnastjóri, matráður, húsvörður og fulltrúi foreldrafélags.

Skil leik- og grunnskóla

Undirbúningur barna í elsta árgangi leikskólans fór fram á sama hátt og undanfarin ári. Samskipti og samstarf á milli leik- og grunnskóla voru góð. Unnið var eftir skipulagi sem hægt er að nálgast á heimasíðu leikskólans. Í ár prófuðum við okkur áfram með nýjan lið í samfelli skólastiganna þar sem börnum í elsta árgangi var boðið að koma með í berjatýnsluferð grunnskólans.

Farsæld barna

Þónokkur vinna með nýtt fyrirkomulag vegna farsældar barna fór fram á skólaárinu. Tekin var ákvörðun um hver skildi sinna starfi tengiliðar í leikskólanum. Fræðsla um farsældarlögin fór fram á kennarafundi starfsfólks leikskólans. Tengiliður og skólastjóri sóttu námskeið á vegum barna- og fjölskyldustofu í tengslum við verkefnið.

Sérkennsla

Sérkennslustjóri sá um skipulagða sérkennslu og utanumhald hennar í leikskólanum. Fylgdist með þroska og málörvun í daglegu starfi ásamt því að sjá um eftirfylgni. Sérkennslustjóri skipuleggjur markvissa þjálfun sem er síðan unnin af starfsmanni innan hverrar deildar. Í vetur var unnið með tvo nemendur undir handleiðslu RGR, Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins. Fjórir nemendur eru með aukið stöðugildi með sér. Sérkennslustjóri var með leiðsögn til starfsmanna hvernig vinna ætti að málörvun með barnahópinn í heild sinni í daglegu starfi.

Mat og matsaðferðir

Vinna með Sjálfsmatskerfið *Hversu góður er leikskólinn okkar* hófst 2021. Matskerfið vinnur út frá því að starfsmenn meta starfið sjálfir með gæðagreinum í formi gátlista sem snúa að starfinu. Framkvæmdin er í höndum skólastjórnenda en þeir eru ekki þátttakendur í matinu sjálfu. Gert er ráð fyrir að yfirferð yfir alla matsþætti í *Hversu góður er leikskólinn okkar* taki fjögur ár. Í byrjun skólaársins 2022-23 var ákveðið hefja vinnu við *Hversu góður er skólinn okkar* upp á nýtt. Ástæðan fyrir því var að nokkuð var um nýtt starfsfólk í leikskólanum og var framkvæmd matsins skipulögð upp á nýtt, til lengri tíma. Áætlun við innramat skólaársins 2022-2023 gekk upp með tilliti til þess að farið var yfir alla áætlaða liði.

Leikskólastjórnendur skiluðu uppfærðri umbótaskýrslu til menntamálastofnun í febrúar og heldur sú vinna áfram.

Innramatsteymi leikskólans

Fulltrúar foreldra ásamt stjórnendum leikskóla, fulltrúum starfsfólks og sviðstjóra fjölskyldusviðs sátu umbótafundi þar sem farið var yfir áætlaðar breytingar á umbótum í leikskólanum á skólaárinu 2022-2023. Langtímaáætlun og áætluð framkvæmd á innra mati leikskólans var lögð fyrir sviðsstjóra, fulltrúa starfsfólks og fulltrúa foreldraráðs. Í því samráði komu fram góðar ábendingar sem stjórnendur studdust við. Áætlað var að halda umbótafund við upphaf skólaárs, um áramót og við lok skólaárs og gekk sú áætlun eftir.

Mat forráðamanna

Engar foreldrakannanir voru lagðar fyrir foreldra þetta árið þar sem kannanir eru lagðar fyrir annað hvert ár.

Mat starfsmanna

Starfsmannasamtöl voru haldin tvisvar á skólaárinu og annaðist skólastjóri þau. Þar komu fram margar góðar og gildar ábendingar sem stjórnendur tóku til skoðunnar.

Mat barna

Gerð var könnun á viðhorfum elstu barna leikskólans gagnvart leikskólastarfinu sem síðan var sett inn á heimasíðu skólans.

Mannauður

Börn

Í desember 2022 voru börnin samtals 49 en voru sem flest 59 í lok skólaársins. Þar af voru 5 börn tvítyngd. Flest börn í leikskólanum voru í 8 klst vistun

Fjöldi nemenda í hverjum árgangi var:

2017: 11 börn

2018: 7 börn

2019: 11 börn

2020: 13 börn

2021: 7 börn

Starfsfólk

Mönnun

Skólaárið 2022-2023 var gert ráð fyrir 18 stöðugildum í leikskólanum Ásgarði. Af þessum stöðugildum er leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, matráður, þrjár deildarstjórar og tólf starfsmenn á deildum. Mönnun var að mestu góð stóran hluta skólaársins.

Menntun

Í leikskólanum er leikskólastjóri leikskólakennaramenntaður með M.ed. gráðu í menntunarfræði leikskóla. Aðstoðarleikskólastjóri er jafnframt sérkennslustjóri og er með B.Ed. gráðu í faggreinakenndu í grunnskóla auk þess að hafa stundað framhaldsnám í Menntunarfræði leikskóla. Deildarstjóri miðstigs er með B.ed. gráðu í leikskólakennarafræðum og tveir starfsmenn með B.S. gráðu í ótengdu fagi.

Nemar

Í ár voru 6 starfsmenn í sem sinntu námi með vinnu. Deildarstjóri Eldra stigs stundar nám í grunnskólakennarafræði hjá HA. Einn starfsmaður útskrifaðist með B.ed. gráðu í leikskólakennarafræðum og matráður útskrifaðist sem matsveinn í lok skólaárs. Tveir starfsmenn stunduðu nám í leikskólakennarafræðum.

Endurmenntun

Námskeið

Farið var á eftirfarandi námskeið, og tók allur starfsmannahópurinn þátt:

- Kynning á farsæld barna
- Jákvæður agi
 - Undirstöðuatriði
 - Samskipti á vinnustaðnum
- Tákn með tali
- *Hversu góður er skólinn okkar matskerfið*
- Leikskólaheimsóknir í Gdansk

Einn eða fleiri starfsmenn sóttu námskeið í:

- Pecks
- Atferlisíhlutun fyrir börn

- Lubbi finnur málbein

Leikskólastjóri sótti:

- Farsæld barna, fundur í ráðhúsi
- Öll börn eiga jafnan rétt til náms – 5. maí
- Leiðtogar í lífsorku: Styrkjum mannauðinn og leiðtogahæfni – 7. og 8. júní
- Stafrænt ofbeldi: hvað er til ráða

Aðstoðarleikskólastjóri/sérkennslustjóri sótti námskeið:

- TEACCH
- Atferlisíhlutun fyrir börn
- Réttindanámskeið í EFI-2

Skipulagsdagar

Dagsetningar og dagskrá

19. ágúst – Jákvæður agi.

18. nóvember – Tákni með tali

2. janúar – Unnið með innra mat leikskólans. *Hversu góður er skólinn okkar.*

21. og 24. apríl – Námsferð til Gdansk þar sem farið var í leikskólaheimsóknir og sótt námskeið í jákvæðum aga.

Fundir

- Kennara/stigsfundir voru haldnir fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl. 16:15 - 18:15, ágúst til apríl. Fagfundir voru haldnir einu sinni í viku. Fundina sitja deildastjórar, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri.
- Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri sitja fundi nemendaverndarráðs sem eru sameiginlegir með skólastjórnendum Grunnskóla Húnþings vestra, tónlistaskólastjóra og sviðstjóra fjölskyldusviðs.
 - Ákveðið var að leysa upp sameiginlegt nemendaverndarráð. Í staðin munu skólarnir stofna nemendaverndarráð innan hús halda sjálfir utan um beiðnir sinna barna.
- Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 30 mars 2022. Foreldraráð kemur saman eins oft og þurfa þykir yfir veturinn.

- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sitja sameiginlega fundi með leikskólastjórum Austur-Húnavatnssýslu, fræðslustjóra skólaskrifstofu A.-Hún og sviðstjóra Húnaþingi vestra.
- Leikskólastjóri, fulltrúi starfsmanna og fulltrúi foreldra sitja fundi Fræðsluráðs Húnaþings vestra.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sátu reglulega fundi vegna innleiðingar farsældarlaga í Húnaþingi vestra.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sátu fundi vegna menntastefnu Húnaþings vestra
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri funduðu þrisvar sinnum með innramatsteymi leikskólans.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, verkefnastjóri og matráður funduðu reglulega um innleiðingu Heilsueflandi leikskóla.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, verkefnastjóri, matráður, húsvörður og fulltrúi foreldrafélags funduðu vegna Grænfánaverkefnis
- Leikskólastjóri, öryggistrúnaðarmaður og húsvörður funduðu í nóvember

Viðhald og hreingerning

- Hafist var handa við endurnýjun ljósa í húsnæði leikskólans. Verkefnið var framkvæmt á heldur óheppilegum tíma en starfsfólk leikskólans var til fyrirmyndar og sýndi mikinn sveigjanleika á meðan verkið fór fram, þar sem endurnýjun ljósa fór fram á vistunartíma barnanna. Verkinu er þó enn ólokið.
- Í lok veturs fór uppvottavél leikskólans að segja til sín og voru gerðar tilraunir til að koma henni í ásættanlegt stand.
- Pumpum á hurðum var fjölgað í vetur vegna ábendingar frá heilbrigðiseftirliti
- Miðstöðvarkranar á ofnum voru endurnýjaðir
- Yngrastig, miðstig og eldrastig voru bónuð.
- Alþrif fóru fram í leikrýmum yngrastigs, miðstigs og eldrastigs.

Samstarf

- Grunnskóli Húnaþings vestra
 - Samstarf við Grunnskóla Húnaþings vestra hélt sínu striki og gekk vel fyrir sig. Tekin var ákvörðun um að bæta í með því að bjóða unglingum grunnskólans upp á leikskólafjör í valgreinum. Þá bauðst þeim sem völdu leikskólafjör að koma í leikskólann frá 13:20 – 14:20. Aðsókn í þessa valgrein var góð
- Bókasafnið á Hvammstanga
 - Bókasafnið gaf leikskólanum fjölda bóka sem hættar voru í notkun á bókasafninu. Starfsfólk leikskólans fór yfir þær bækur sem við vildum nota og kom þetta sér vel.
- Sjúkrahúsið á Hvammstanga
 - Tveir elstu árgangar leikskólans, ásamt tveimur yngstu árgöngum grunnskólans, fóru reglulega í heimsóknir í sjúkrahúsið. Þar voru undirbúnar stöðvar fyrir börnin og var þannig skapaður vetvangur þar sem yngra fólkið okkar gat notið samverunnar með eldri vinum sínum.

Samningar

- Húnaþing vestra gerði samning við Samtök 78 vegna endurmenntunar starfsmanna sveitafélagsins
- Gerður var samningur við Dictum ræstingar um að halda utan um skúringar og þrif í leikskólanum Ásgarði.

Öryggismál

Frá ágúst 2022 – júní 2023 voru gerðar sex slysaskráningar

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands kom í sína yfirferð og með ábendingar.

Starfsáætlun skólaárið 2023-2024

Leiðarljós

Að halda áfram að byggja upp lærdómssamfélag í leikskólanum Ásgarði. Að einstaklingar fái að njóta sinna styrkleika í bæði starfi og leik. Við viljum að bæði starfs- og leikumhverfi stuðli að samvinnumenningu og að það ýti undir vaxandi hugarfar hjá nemendum og starfsfólki.

Áherslur okkar eru:

Börnin okkar

- Að gera okkar besta til að komast til móts við fjölbreyttar þarfir barnanna
- Að styðja við frjálsan leik þeirra
- Þjóða upp á fjölbreytilegt leikumhverfi, efnivið, tíma og rými
- Að leikurinn, sem námsleið barna, fái að njóta sín og að námstækifæri sem myndast í leiknum séu gripin
- Að efla sjálfstæði barnanna
- Að börnin okkar upplifi gleði, vellíðan, öryggi og að komið sé fram við þau af virðingu

Starfsfólkið okkar

- Að samskipti starfsfólks einkennist af jákvæðni, trausti og virðingu
- Að starfið okkar byggist á lýðræðislegum starfsháttum
- Að starfsfólk fái tækifæri og hvatningu til þess að vaxa og dafna í starfi
- Að stuðla að dreifðri og styðjandi forystu

Foreldrarnir okkar

- Að foreldrar upplifi traust í garð leikskólans
- Að foreldrar upplifi opin og jákvæð dagleg samskipti við starfsfólk leikskólans
- Að viðhalda góðu samstarfi milli heimilis og skóla

Helstu verkefni og innra starf

Helstu verkefni leikskólans Ásgarðs eru:

- Menntun og umönnun barna í Húnaþingi vestra
- Að sinna málörvun barna í leikskólanum
- Halda utan um skráningu á mál- og félagsþroska barna
- Að sinna stoðþjónustu fyrir börn með frávik og leggja áherslu á snemmtæka íhlutun
- Halda utan um upplýsingaflæði til foreldra
- Að halda utan um foreldrasamstarf
- Sjá um heimasíðu leikskólans <https://asgardur.leikskolinn.is/>
- Að skapa lærdómssamfélag
- Stuðla að endurmenntun starfsfólks
- Stuðla að jákvæðum aga og vera fyrirmynd barnanna

Samkvæmt lögum er leikskólinn skilgreindur sem fyrsta skólstigið. Hann er menntastofnun og snýr hlutverk hans fyrst og fremst að námi og þroska barnanna.

Þeir námsþættir sem horft er til í leikskólanum Ásgarði eru:

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning
- Lýðræði og jafnrétti

Daglegt starf leikskólans er þannig uppbyggt að þessum námsþáttum er fléttað inn og þeir hafðir til hliðsjónar. Leikurinn skal vera þungamiðja í leikskólastarfinu enda er hann órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Með leiknum læra börnin að skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar. Í gegnum leikinn fá börnin tækifæri til að þróa félagsleg tengsl við önnur börn, fá tækifæri til þess að mynda félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau fá tilfinningu fyrir lýðræðislegum athöfnum með því að byggja leik sinn á eigin hugmyndum en þurfa samt sem áður að læra að virða hugmyndir annara.

Skólafarfið

Flæði

Í leikskólanum verður áfram unnið með hugmyndafræði Mihaly Csikszentmihalyi um flæði. En samkvæmt kenningum hans er flæði þær stundir það sem við fáum okkar best notið. Einstaklingar ná flæði þegar áhuginn er slíkur að fátt annað kemst að í huga hans og tíminn gleymist. Hæfileikar einstaklingsins eru fullnýttir og virðast hlutirnir gerast án nokkurrar áreynslu.

Leikskólafarfið í Ásgarði er þannig byggt upp að þegar flæðið hefst eru stöðvar (garðar) opnaðar af kennurum. Börnin hafa frjálst val að viðfangsefni og geta því fylgt eigin áhuga. Þetta verður til þess að líklegra er að börnin upplifi hugarástandið sem Csikszentmihalyi nefndi flæði.

Hópastarf

Á móts við flæði, þar sem áhersla er sett á frjálsan leik barna, vinnum við einnig með hugmyndina um hópastarf. Mikilvægi hópstarfsins felst í því að börnin í leikskólanum okkar upplifi ákveðin stöðugleika og festu í starfi. Þar eru börnin í hópum með jafnöldrum sínum og hópstjóra og þannig myndaður vettvangur þar sem tekið er tillit til bæði aldurs og þroska barna varðandi skipulagningu á hópstarfi.

Framkvæmd hópstarfsins byggist, meðal annars, á kenningum K.A. Ericssons um markvissa þjálfun og á hugmyndinni um kennslufræðilegan leik. Með kennslufræðilegum leik er átt við að kennari skipuleggur eða skapar markvissa leikreynslu þar sem fyrirfram ákveðin markmið eða námsþættir eru tengd við leik barnanna. Þannig getur kennari reynt að haga leiknum þannig að hann vekir bæði ánægju hjá börnunum og að þau verði sér úti um merkingarbæra þekkingu. Með því að styðjast við gögn úr skimunartækjum eins og Tras, Hljóm eða EFI-2 hefur hópstjóri ákveðna yfirsýn á því hverjar þarfir barna sinna eru og getur þannig haft þær til hliðsjónar við skipulagningu á hópstarfi. Með þessu getum við unnið í anda hugmynda Ericsson um markvissa þjálfun.

Stöðumat – Markmiðasetning – Eftirfylgni – Stöðumat.

Sérkennsla

Sérkennslan verður með svipuðu sniði og fyrra ár. Sérkennslustjóri fylgist með öllum börnum leikskólans og leggur til leiðsögn til starfsfólks. Notast er við skimanir fyrir öll börn leikskólans sem unnið er síðan útfrá bæði í starfi inn á deildum og í sérkennslunni.

Beðið er gagna frá Ráðgjafar og greiningarstöð ríkisins vegna áframhaldandi vinnu. Reglulegir teymisfundir eru haldnir með foreldrum barna sem eru undir stoðþjónustu og er regluleg upplýsingagjöf til þeirra þar fyrir utan. Sérkennslustjóri mun fara með starf tengiliðar farsældar barna í Ásgarði.

Farsæld barna

Skólaárið 2023-24 munum við leggja meiri áherslu á að tileikna okkur verklag í samræmi við farsæld barna. Áætlað er að setja upp nemendaverndarráð í leikskólanum og setja upp tengil á heimasíðu leikskólans þar sem foreldrar geta sett inn beiðnir.

Verkefni

Jákvæður agi

Áætlað er að ganga lengra í innleiðingu jákvæðs aga, festa barnafundi í upphafi flæðis og vinna markvisst með verkfæri jákvæðs aga í ólíkum aðstæðum.

Heilsueflandi leikskóli

Í haust mun teymi heilsueflandi leikskóla í Ásgarði fara yfir viðmiðunarlista sem unnið var úr vorið 2023 og sett niður markmið fyrir veturinn. Áætlað er að funda aftur í kringum jólin og gera stöðumat á þeirri vinnu sem fram hefur farið um haustið og endurskoða markmiðin með tilliti til þess.

Skóli á grænni grein

Áætlað er að næsta þema í Grænfánaverkefni leikskólans tengist lýðheilsu. Helsta forsenda fyrir ákvörðuninni var að þar sem leikskólinn hefur hafið vinnu sína í að gerast heilsueflandi leikskóli teljum við þetta tvennt haldast vel í hendur. Grænfánateymi mun halda fund í byrjun skólaárs og setja markmið fyrir veturinn. Um jólin verður gert stöðumat og markmið endurskoðuð.

Læsisstefna leik- og grunnskóla

Mikil þörf er á því að vekja bæði athygli foreldra og barna á lestri og mikilvægi hans. Þó svo að ekki sé ætlast til þess að börnum sé kennt að lesa á leikskólaaldri, er mikilvægt að hlúað sé að öðrum þáttum læsis sem leggja grunnin að færni barnanna til að læra lestur. Áætlað er að leggja meiri vinnu í og styrkja frekar málörvun ungra barna í leikskólanum.

Skil leik- og grunnskóla

Hjá leikskólanum Ásgarði og Grunnskóla Húnaþings vestra fer fram metnaðarfullt samstarf til að skapa samfellu á milli leik- og grunnskóla. Samstarf á milli skólanna hefst strax að hausti til og varir allt skólaárið. Til að telja nokkur atriði sem einkenna þetta samstarf mætti nefna:

- Berjatýnsluferð
- Leikskólafjórið
- Íþróttahúsferðir
- Vikulegar heimsóknir skólahóps
- Heimsókn 1. Bekkjar
- Sundkennsla

Öryggismál

- Fundað verður með Öryggisnefnd á árinu.
- Skyndihjálparnámskeið verður haldið á skólaárinu 2023-24
- Áætlað er að halda brunaæfingu skólaárið 2023-24

Önnur markmið

- Halda áfram vinnu við menntastefnu Húnaþings vestra
- Vinna við námskrá leikskólans
- Að setja upp fundaskipulag í þeim tilgangi að auka faglega umræðu meðal starfsfólks
- Leikskólastarfið gert sýnilegra til foreldra í rituðu máli og myndum, heimasíðu skólans og netmiðlun.
- Skólastjórnendur funda með börnum leikskólans reglulega yfir skólaárið.
- Að kanna áhuga um samstarf í kringum Kvennfélagsgarðinn

Mannauður

Mönnun

Haustið 2023 er gert ráð fyrir 18 stöðugildum í leikskólanum Ásgarði. Af þessum stöðugildum er leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, matráður, þrír deildarstjórar og tólf starfsmenn á deildum. Rekstur og mönnun leikskólans hefur þó verið í ákveðinni endurskoðun svo að möguleiki er á einhverskonar breytingum.

Áætlað er að gera tímabundna breytingu á einu starfsheiti í leikskólanum þetta skólaár þar sem einn starfsmaður verður titlaður sem sérkennari. Viðkomandi starfsmaður mun starfa að mestu á eldra stigi leikskólans og ásamt daglegu starfi mun hún annast sérkennslu og örvun einstakra nemenda.

Menntun

Í leikskólanum er leikskólastjóri leikskólakennaramenntaður með M.ed. gráðu í menntunarfræði leikskóla. Aðstoðarleikskólastjóri er jafnframt sérkennslustjóri og er með B.Ed. gráðu í faggreinakenndu í grunnskóla auk þess að hafa stundað framhaldsnám í Menntunarfræði leikskóla. Sérkennari eldrastigs er með B.ed. gráðu í leikskólakennarafræðum og tveir starfsmenn með B.S. gráðu í ótengdu fagi. Annað starfsfólk ófaglært.

Nemar

Í ár verða 10 starfsmenn sem munu sinna námi með vinnu. Aðstoðarleikskólastjóri mun stunda nám í menntunarfræði leikskóla M.t. Deildarstjóri Eldra stigs stundar nám í grunnskólakennarafræði hjá HA. Einn starfsmaður mun hefja nám í Leikskólakennarafræði M.t. og matráður mun halda áfram námi í vetur. Þrír starfsmenn munu stunda B.ed. ná í leikskólakennarafræðum hjá HA á meðan tveir aðrir sækja námskeið á B.ed. stigi. Einn starfsmaður stundar stuðningsfulltrúanám hjá Farskólanum.

Endurmenntun

Hægt er að nálgast Endur- og símenntunaráætlun 2023-2024 á heimasíðu leikskólans. Hana má nálgast [Hér](#).

Mat og matsaðferðir

Haldið verður áfram að vinna eftir innramats áætlun leikskólans sem byggist á matskerfinu *Hversu góður er skólinn okkar*. Hægt er að nálgast bæði markmið og fundargerðir innra matsins á [heimasíðu](#) skólans. Samkvæmt áætlun eru mun fleiri liðir til skoðunar í ár heldur en 2023-24. Áætlað er að nota starfsdag til að vinna í matslistunum en einnig verður skoðað að setja saman fundarskipulag sem rúmast innan daglegs starfs til að taka fyrir einstaka liði í innra mati. Þar sem þetta skipulag er í mótun hjá okkur þá verður metið á fundi innramatsteymis hvort að áætlun reynist raunhæf.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun verður lögð fram skólaárið 2023 – 2024.

Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl

Starfsmannakönnun er gerð annað hvert ár. Áætlað er að lögð verði fyrir starfsmannakönnun skólaárið 2023 – 2024.

Þegar nýr starfsmaður kemur til starfs er handleiðslu samtal við leikskólastjóra fjórum og svo aftur eftir átta vikur. Hver starfsmaður fer í tvö starfsmannasamtöl á skólaári og fleiri ef þurfa þykir.

Samstarf

- Grunnskóli Húnaþings vestra
 - Samstarf við Grunnskóla Húnaþings vestra mun haldast óbreytt frá því í fyrra. Við gerð menntastefnunnar er lagt upp með frekara og markvissara samstarf á milli skólastiga sem verið er að móta.
- Bókasafnið á Hvammstanga
 - Samstarf við bókasafnið á Hvammstanga muna halda áfram, en áætlað er að heimsóknum barna á bókasafnið muni fjölga og verði reglulegri.
- Sjúkrahúsið á Hvammstanga
 - Áætlað er að halda samstarfi með sjúkrahúsi áfram en þó verður gerð sú breyting að hafa lengri tíma á milli heimsókna.
- Lögregla, slökkvilið og björgunarsveit.

- Áætlað er að samstarf muni halda áfram og lögð áhersla á að fulltrúar þessara viðbragðsaðila komi í leikskólann, setjist með börnunum og ræði við þau um sín störf.
- Kirkjuheimsóknir
 - Áætlað er halda áfram samstarfi við sóknarprest Húnaþings vestra. Það mun þó fara fram endurskoðun á kirkjuheimsókninni í apríl.